

# KYNNING Á HLJÓM-2 SKIMUNARPRÓFI

---

HAUST 2021

Á hverju ári er HLJÓM-2 sem er aldursbundin skimun lögð fyrir börnin í elsta árganginum í leikskólanum til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund þeirra. Hljóm-2 er lagt fyrir í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.

Niðurstöður HLJÓM-2 hafa forspárgildi varðandi lestrarnám barna og geta gefið marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir lestrarörðugleika síðar. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum).

Einungis fagfólki með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja skimunina fyrir. Þættirnir (leikirnir) sem lagðir eru fyrir tengjast: rími, samstöfun, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur með hverju barni.

Síðustu 30 ár a.m.k. hefur mikil áhersla verið á að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni til örvunar hljóðkerfis- og málmeðvitundar þeirra og að þeim sem virðast eiga í erfiðleikum sé sinnt sérstaklega. Leikskólaárin eru því sérlega mikilvæg fyrir snemmtæka íhlutun.

Við nýtum því niðurstöður HLJÓM-2 til að átta okkur betur á hvar styrkleikar og veikleikar barnanna liggja varðandi þróun hljóðkerfisvitundar. Með því getum við gripið inn í ef þurfa þykir og boðið upp á markvissa málörvun en kjörtími til þess að vinna með þjálfun hljóðkerfis- og málvitundar er á aldrinum 4-6 ára.